

Stjórn Héraðsskjalasafns Kópavogs

35. fundur 30. mars 2006

Fundur var haldinn í stjórn Héraðsskjalasafns Kópavogs fimmtudaginn 30. mars 2006 í húsakynnum safnsins að Hamraborg 1, 3. hæð, og hófst kl. 16.00. Fundinn sátu stjórnarmennirnir Hilmar Björgvinsson formaður, Gylfi Gröndal og Hjörtur Pálsson auk Hrafns Sveinbjarnarsonar héraðsskjalavarðar. Formaður setti fund, en síðan var gengið til dagskrár sem var sem hér segir:

1. Staða verkefna.
2. Pappírmál í bæjarfélaginu.
3. Skilamál.
4. Geymsla að Hamraborg 14A.
5. Fag- og handbókasafn héraðsskjalasafnsins
6. Önnur mál

1. Staða verkefna.

Undir þessum lið voru rædd verkefni er stjórnin hefur falið héraðsskjalaverði og verkefni er nefnd hafa verið á fyrri stjórnarfundum.

Rætt var m.a. um hæng á viðtöku einkasafna ef afhendingarsamningar eru ekki fyrir hendi. Einnig var upplýst hvenær leiga féll niður á húsnæði sem safnið leigði á Smiðjuvegi 11 um skeið (sbr. 20. fg., 2.1. og 22. fg., 1.1.)

Þá greindi héraðsskjalavörður frá því að drög hefðu verið samin að bréfalykli Tólmstunda- og menningarsviðs bæjarins. Næst kæmi röðin að Fræðslusviði.

Af hálfu félagsþjónustu og fræðslusviðs eru uppi óskir um að fela héraðsskjalasafninu vörslu trúnaðargagna. Héraðsskjalavörður hefur svarað þessum óskum með því að þar til safnið hafi yfir að ráða öryggisgeymslu verði það að bíða.

2. Pappírmál í bæjarfélaginu.

Málið var á dagskrá á síðasta fundi (sbr. 34. fg., 3.1.), en var þá frestað.

Héraðsskjalavörður lagði fram "Greinargerð héraðsskjalavarðar Kópavogs með hugmynd að reglum um lágmarksgæðakröfur til pappírs í stofnunum Kópavogsbæjar", og vísast til hennar.

Skjalavörður bendir m.a. á að með því að huga að þessum málum, sem vitaskuld kostar sitt að koma í öruggt horf, náist sparnaður þegar til lengdar lætur, þar sem framtíðarvarðveislan kostar minna en ella og ekki þarf að glíma við eftirköst. Héraðsskjalavörður benti á að aðrar þjóðir ættu við vandamál að etja sem tengjast notkun mismunandi pappírs og misgóðrar varðveislu gagna á pappír, en víða væru menn vel að sér um þau mál. Það ætti t.d. við um Bandaríkjamenn, Svía og Norðmenn. Telja má víst að pappírnotkunar- og varðveisluvandamál komi upp fyrir eða síðar í sambandi við elstu varðveitt gögn Kópavogsbæjar. Lausnin á því verði að taka myndir af skjölunum á míkrofilmur. Í því sambandi benti skjalavörður á að samkvæmt lögum um Þjóðskjalasafn á að hafa mikilvægustu skjölin varðveitt á filmum til vara, og mætti þá hugsa til þessa vanda um leið.

Eins og fram kemur í greinargerðinni vill héraðsskjalavörður að settar verði reglur um notkun endingargóðs pappírs, bæði ódýrari og viðhafnarpappírs, hjá Kópavogsskaupstað. Vísaði hann til ábendinga Þjóðskjalasafns Íslands um þetta efni. Nefndi hann sem dæmi að í KB-banka væri horft til framtíðar og búið að setja reglur um notkun almenns skrifstofupappírs. Margt tölvufólk vilji afrita "digitalt", en það sé dýrt og ýmsum vandkvæðum bundið sökum þess hve hverfult það form er. T.d. er réttar- og sönnunargildi gagna á því formi óöruggt og vafasamt.

Stjórnin þakkaði héraðsskjalaverði vandaða og ítarlega greinargerð og tekur undir hugmyndir hans í þessum efnunum. Hann hefur þegar rætt þetta við sviðsstjóra Tómsunda- og menningarsviðs sem telur vænlegast til árangurs að bæjarstjórn setji reglur um pappírnotkun.

3. Skilamál.

- a) Frá því var greint að Heilsugæslan í Kópavogi sem er bundin skilaskyldu við Þjóðskjalasafn hefði vegna plássleysis fengið inni í héraðsskjalasafninu með rúmlega stórt hundrað af öskjum og kössum sem fara eiga í Þjóðskjalasafn. Það er bráðabirgðaráðstöfun þar til um semst milli Heilsugæslunnar og Þjóðskjalasafns um skil.
- b) Samkóp, samtök foreldrafélaga og foreldraráða við grunnskóla Kópavogs, leituðu til Héraðsskjalasafns með fyrirspurn um hvernig koma ætti skjölum samtakanna í vörslu héraðsskjalasafnsins. Hrefnu Gunnarsdóttur úr stjórn samtakanna hafa verið veittar leiðbeiningar um það. Til stendur að ganga frá skjölunum skv. leiðbeiningum héraðsskjalavarðar, gerður verður um þau afhendingarsamningur, og verður eftir það tekið við þeim.

4. Geymsla að Hamraborg 14A.

Héraðsskjalavörður hefur kynnt sér stöðu mála í geymsluplássi í Hamraborg 14A og gerði stjórninni grein fyrir því hvað þar er geymt af gögnum, svo og minnisblaði sem hann hefur sent bæjarritara og sviðsstjóra Tómsunda- og menningarsviðs, dags. 2. mars 2006. Í athugun er hvort pláss sé fyrir gögnin, sem forða þarf frá skemmdum, á neðri hæð gömlu Heilsugæslustöðvarinnar í Fannborg 7-9.

5. Fag- og handbókasafn héraðsskjalasafnsins.

Héraðsskjalavörður bendir á að safninu sé nauðsynlegt að koma upp fag- og handbókasafni til notkunar fyrir starfsmenn sína og gesti á lestrarsal, þarfir fyrir bókakost þurfi að afmarka og skilgreina og hafa mjög skýrar áætlanir um hvernig þær eigi að uppfylla. Stjórnin tók eindregið undir það, kvað málið hafa verið rætt áður (sbr.10. fg., 2.l. og 21. fg., 6.l.a).

Í þessu sambandi skýrði skjalavörðurinn frá því að í Bókasafni Kópavogs væru til óinnbundin aukaeintök Kópavogsblaða auk þeirra "setta" sem til eru í bandi, og hefur Hrafn Harðarson bæjarbókavörður lýst sig reiðubúinn til að láta þau renna til héraðsskjalasafnsins. Hefur stjórnin áhuga á að fá þau í fag- og handbókasafn. Blöðin eru: Alþýðublað Kópavogs, Framsýn, Kópavogstíðindi, Kópavogstíminn, Kópavogur, Nýstefna og Vogar.

6. Önnur mál.

Héraðsskjalavörður bar undir stjórn hvort hann mætti láta útbúa almennilegan afhendingarprótókoll eða móttökubók til að skrá í afhendingar skjala til héraðsskjalasafnsins. Féllst stjórnin á það og vildi að þjóðskjalavörður yrði látinn löggilda bókina.

Fleira ekki tekið fyrir.
Fundi slitið kl. 18.00.

Hilmar Björgvinsson
formaður

Hjörtur Pálsson
ritari

Gylfi Gröndal